

Fyrsti fundur stjórnar Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík 2024-2025.

Haldinn mánudaginn 21. október 2024 kl 16 í fundarsal á 3. hæð Gamla skóla og á Teams.

Mætt: Helga Rún Runólfsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þorbjörg Jensdóttir, Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz, Burkni Helgason, Jóhann Th., Sigríður Ragna Sverrisdóttir, Ragnar Ísleifur Bragason, Gunnar Sigurjónsson, Þórunn María Bjarkadóttir, Freyr Hermannsson og Sólveig Guðrún Hannesdóttir rektor skólans.

1. Fyrirhugað verkfall kennara

Rektor tók við ábendingum sem stjórn höfðu borist og svaraði spurningum stjórnar en nánari upplýsingar munu berast frá skólanum ef af verkfalli verður. Boðað hefur verið til verkfalls þann 11. nóvember n.k. ef samningar hafa ekki náðst og stendur verkfall til 20. desember nema samningar náist fyrr. Stjórnin er að vinna að ályktun sem mun verða send út þegar nær dregur og/eða ef þörf krefur. Einnig var rætt að boða til upplýsingafundar fyrir foreldra og aðra hagsmunaaðila, ef til verkfalls kemur.

2. Verkaskipting stjórnar

Samkvæmt reglum skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Þar sem mörg eru að fara að útskrifa í vor þá munu hlutverkin breytast eftir því sem líður á til að yfirfærsla þekkingar gangi sem best.

Var verkum skipt svo:

Formaður: Helga Rún Runólfsdóttir heldur áfram sem formaður fram að síðasta fundi stjórnar á vormisseri. Þorbjörg Jensdóttir, varaformaður mun þá taka við og sjá um að boða til aðalfundar haustið 2025 og sinna öðrum haustverkum.

Varaformaður: Þorbjörg Jensdóttir en Burkni Helgason mun taka við eftir áramót.

Gjaldkeri: Ilmur Kristjánsdóttir en Gunnar Sigurjónsson tekur við eftir áramót.

Ritari: Jóhann Gunnar Þórarinnsson.

Skólanefndarfulltrúi: Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz fyrir áramót og Burkni Helgason eftir áramót.

Meðstjórnendur eru Freyr Hermannsson, Ragnar Ísleifur Bragason, Sigríður Ragna Sverrisdóttir og Þórunn María Bjarkadóttir.

3. Félagsgjöld og greiðsluseðlar

Gjaldkeri er búin að senda út greiðsluseðla vegna innheimtu félagsgjalda. Rætt var um að senda póst til foreldra til að hvetja til þátttöku, útskýra í hvað félagsgjaldið er notað ásamt að senda reikningsupplýsingar ef seðill hefur ekki borist.

4. Útíðing á næstu böllum

Síðasta ballvakt gekk gríðarlega vel og var þátttaka foreldra til fyrirmyndar. Þrír úr stjórn buðu sig fram á vaktina þann 23. október en þá fer árshátíð Skólafélagsins fram í Gullhömrum. Óskað var eftir fleirum á Facebook síðu félagsins. Næstu böll eru síðan jólaballið sem verður haldið eftir jólaþróf og síðan árshátíð Framtíðarinnar sem áætluð er þann 6. febrúar.

5. Eðrúþotturinn

Stjórnin samþykkti áframhaldandi fyrirkomulag Eðrúþottsins. En nemendum býðst að blása í áfengismæla þegar þau mæta á böll á vegum skólans og geta þá skráð sig í eðrúþott á vegum félagsins sem dregið er úr og átt möguleika á að fá gjafabréf að upphæð 10.000 kr. Nokkur gjafabréf eru í boði hverjum árgangi.

6. Fræðslumyndbönd

Stjórn fór yfir og samþykkti tilboð frá Óskari Vignis að upphæð 496 þúsund kr fyrir gerð þriggja fræðslumyndbanda fyrir nemendur (tökur, eftirvinnsla, hljóð, litaleiðrétting, tækjaleigja og harður diskur). Tillaga að efnistöðum eru prófkvíði, svefn og forvörn gegn áfengisneyslu. Hvert myndband verður um 2-4 mínútur (16:9 format) og verða þau síðan klippt niður og sett á samfélagsmiðla (vertical format) þar sem þau ná vonandi augum og eyrum nemenda og foreldra. Ilmur og Ragnar munu sjá um verkefnið í samvinnu við leikstjóra.

7. Samskipti og næstu fundir

Stjórnin á samskipti í gegnum hóp á Facebook, á Messenger og síðan í gegnum tölvupóst.

Næstu stjórnarfundir verða í nóvember (dagsetning fer eftir hvort verkfall skelli á), í jan/þyrjun feb 2025 og verða haldnir í gegnum Teams. Síðan er síðasti fundur áætlaður í apríl 2025 og verður hann skipulagður sem staðfundur.

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið kl 17:10. Fundarstjóri var Helga Rún og ritaði hún einnig fundargerð.